



Sveitarstjórnarfundur 24. ágúst 2023

Fimmtudaginn 24. ágúst 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 15. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 16

Dagskrá 15. fundar:

1. Fundargerð 14. sveitarstjórnarfundar 26.07.2023
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Viðauki við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Seinni umræða
5. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Seinni umræða
6. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Þriðja umræða
7. Samningur um rekstur Félagsþjónustu Dala, Stranda og Reykhólahrepps
8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
9. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
10. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi
11. Beiðni um niðurgreiðslu á leikskólaplássi
12. Drög að deiliskipulagi á Drangnesi
13. Drög að deiliskipulagi í landi Skarðs
14. Endurbætt aðalskipulag í landi Hveravíkur
15. Beiðni frá ADHD samtökunum
16. Kaup á lóð í landi Gautshamars undir kirkjugarð fyrir Dragsnessókn

Fundargerð:

1. Fundargerð 14. sveitarstjórnarfundar 26.07.2023.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrir fundir

Engar fundargerðir lágu fyrir.

4. Viðauki við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Seinni umræða

Ísafjarðarbær hefur tekið að sér að vera leiðandi sveitarfélag samkvæmt samningi um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Fer Ísafjarðarbær því með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og þjónustu við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum liggur fyrir þar sem starfsfólki Ísafjarðarbæjar er veitt fullnaðarafgreiðsluheimild.

Viðauki á samþykkt um stjórn og fundarsköp Kaldrananeshrepps lagður fram til kynningar til annarrar umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi tillögu um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Kaldrananeshrepps.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum – Seinni umræða

Strandabyggð óskaði í byrjun maí á þessu ári eftir því að verða aðili að Velferðarþjónustu Vestfirðinga en lög um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 tóku í gildi í lok maí 2022. Hófu því sveitarfélög á Vestfjörðum samstarf í byrjun þessa árs þar sem Ísafjarðarbær tók að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Nú hafa aðildarsveitarfélögin að Velferðarþjónustu Vestfirðinga samþykkt aðild Strandabyggðar og liggur nú fyrir Viðauki I við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Viðauki 1 lagður fram til kynningar til annarrar umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi tillögu um breytingar við samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps – Þriðja umræða

Uppfærð samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps tekin til yfirferðar þar sem tekið hefur verið tillit til lagabreytinga, nýrrar fyrirmyndar frá ráðuneytinu og yfirfarið af

Innviðaráðuneytinu.

Samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps lögð fram til afgreiðslu og staðfest.
Þjónustufulltrúa falið að senda uppfærða samþykkt um stjórn Kaldrananeshrepps til Innviðaráðuneytisins og til Stjórnartíðinda í kjölfarið.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Samningur um rekstur Félagsþjónustu Dala, Stranda og Reykhólahrepps

Í vor samþykktu sveitarfélögin sem standa að Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps að Dalabyggð gangi inn í þjónustuna. Félagsþjónustan og Velferðarnefnd verðir þá Dala, Stranda og Reykhólahrepps.

Fyrir liggja drög að samningi að nýju fyrirkomulagi.

Drög að samningi lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög.
Borið upp og samþykkt.

8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Kaldrananeshreppur auglýsti eftir starfi helgarstarfsmanns við Sundlaugina á Drangnesi þann 09.08.2021 á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook. Helstu verkefni eru skilgreind sem :

- Öryggisgæsla við sundlaug
- Afgreiðslustörf
- Aðstoð við viðskiptavinum
- Þrif

Hreppnum barst tvær umsóknir vegna umrædds starfs.
Sveitarstjórn staðfestir aðra ráðninguna.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

9. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 7 í landi Klúku í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð.
Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst tvær umsóknir þar sem óskað var eftir leiguíbúðum á Drangnesi, þar á meðal að fá að leigja gamla bókasafnið.

Ísabella vîkur af fundi.

Umsóknir lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að leigja út gamla bókasafnið.

Sveitarstjórn felur þjónustufulltrúa að bregðast við.

Sveitarstjórn tekur vel í aðra umsóknina og mun leita lausna.

Borið upp og samþykkt.

Ísabella mætir aftur á fund.

11. Beiðni um niðurgreiðslu á leikskólaplássi

Kaldrananeshreppi barst beiðni um niðurgreiðslu á leikskólaplássi í nágrannasveitarfélagi þar sem ekki er komin dagvistun á Drangsnæs.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við umsókninni og mun greiða kostnað við leikskólavist í öðru sveitarfélagi.

Borið upp og samþykkt.

12. Drög að deiliskipulagi á Drangsnæsi

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á Vitavegi á Drangsnæsi og liggja fyrir drög að nýju deiliskipulagi. Lóðirnar eru 15X25m.

Drög að deiliskipulagi á Drangsnæsi lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að fullvinna breytingartillögu við deiliskipulag að Vitavegi á Drangsnæsi.

Borið upp og samþykkt.

13. Drög að deiliskipulagi í landi Skarðs

Á 13. sveitarstjórnarfundum Kaldrananeshrepps sem haldinn var þann 4. júní sl. samþykkti sveitarstjórn að hefja vinnu við gerð deiliskipulag í landi Skarðs í Bjarnarfirði.

Nú liggja fyrir drög að deiliskipulagi í landi Skarðs.

Drög að deiliskipulagi lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að endurgera drög að deiliskipulagi.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

14. Endurbætt aðalskipulag í landi Hveravîkur

Þann 31. júlí sl. var auglýst vinnslutillaga að aðalskipulagsbreytingu í landi Hveravîkur á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, vefsíðu Kaldrananeshrepps, samfélagsmiðlinum Facebook og í Verslunarfélagi Drangsnæs.

Alls bárust tvær umsagnir, frá Umhverfis- og Skipulagsstofnun og liggur nú fyrir endurbætt aðalskipulag í landi Hveravíkur.

Endurbætt aðalskipulag lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn staðfestir endurbætt aðalskipulag nr. ASB_HVK_240823 og staðfestir að setja það til auglýsingar.

Skipulagsfulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

15. Beiðni frá ADHD samtökunum

ADHD samtökin óska eftir samstarfi við Kaldrananeshrepp um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu, um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Samstarfið gæti verið í formi reglulegs námskeiðahalds fyrir starfsmenn bæjarins eða beins styrks við starfsemi samtakanna.

Einnig óska ADHD samtökin eftir allt að kr. 250.000,- í styrk sem nýttur yrði samkvæmt nánara samkomulagi.

Beiðni ADHD samtakanna lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að vera ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

16. Kaup á lóð í landi Gautshamars undir kirkjugarð fyrir Drangnessókn

Stækka þarf lóð undir kirkjugarð fyrir Drangnessókn. Til stendur að útbúa nýjan lóðarleigusamning við landeigendur þar sem gert er ráð fyrir stærri lóð.

Einnig gæti sveitarstjórn sent kauptilboð til landeigenda Gautshamars í Kaldrananeshreppi í lóð í landi Gautshamars, þar sem kirkjugarðurinn fyrir Drangnessókn liggur.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita að senda erindi þess efnis á landeigendur Gautshamars.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 23:31